

# NÁTTÚRUFRAÐIN OG LÍFIÐ EFTIR DAUÐANN

## I

Ein af bestu spíritistabókum sem ég hefi lesið, er eftir enskan flotaforingja (Vice-Admiral) W. Osborne Moore, og heitir *Glimpses of the next State*, XXIV — 642 s., 1911. Osborne Moore hefir verið vitur maður og ágætlega æfður athugandi, hafði starfað í mælingadeild breska flotans frá æsku, og sjálfur stýrt mælingaleiðangri 6 sinnum. Fyrirfólk enskt er margt kristið og trúað mjög, en Osborne Moore var ekki kristinn og trúði ekki á framhald lífsins. Sorg og mót-læti átti engan þátt í því, að hann fór að fást við spíritisma, heimspekilegur eða vísindalegur áhugi var það, sem kom honum til þess. Moore stundaði rannsóknir þessar af miklu kappi í 7 ár, og var áður lyki, orðinn alsannfærður um framhald lífsins og samband við framliðna. Mun ég, ef til vill, skrifa nánar um þessa merkilegu bók síðar; virðist mér sem varla hafi verið metið að verðleikum, hversu frábæran rannsóknara þarna er um að ræða. En þó að bók þessi sé afbragð, þá er gildi hennar samt ekki í því innifalið, að Moore hafi aukið til nokkurra muna skilning á eðli lífsins eftir dauðann, enda síður við slíku að búast, þar sem hann hafði ekki stundað líffræði. „Andarnir“, sem Moore hafði tal af, með tilstyrk miðla, sögðu þó sitthvað fróðlegt um þetta efni. S. 218, segir t.d. frá því, er Moore átti tal við verkfræðing, McBlin að nafni, sem druknað hafði fyrir nokkrum árum. Segir McBlin, að starf hans þarna í öðru lífi sé mjög líkt því, sem verið hafði meðan hann lifði hér á jörðu. Moore spyr þá: „Hvað á ég að starfa, þegar minn tími kemur til að fara yfir um? Ég er sjómaður og hjá ykkur er enginn sjór.“ McBlin segir: „Hefirðu nokkurn tíma komið

hingað?“ Kveður Moore nei við því. McBlin segir: „Hvernig ferðu þá að vita það? Ég skal segja þér að allt, sem til er á jörðinni er einnig til hér: I tell you there is a replica (sic) of everything on earth.“

## II

Með orðinu sic (þannig) lætur Moore í ljós undrun sína yfir því, að hinn framliðni skuli nota orð sem gefur í skyn, að lífið eftir dauðann sé nákvæmlega líkt lífinu hér á jörðu. En þetta sama orð, replica, er einnig notað af framliðnum í bók eftir enskan prest, C. Drayton Thomas, *Life beyond death, with evidence*. Er mörgum hér kunnugt um þá bók af fyrirlestri sem Eggert P. Briem hefir haldið um hana. Merki-  
legust þykir mér bók þessi vegna þess, hve greinilega kemur þar fram viðleitni þeirra sem dánir eru, á því að fá séra Thomas til að skilja hvers eðlis lífið eftir dauðann er í raun og veru. En þó að presturinn sé auðsjáanlega gáfumaður, þá hefir þó sú viðleitni ekki borið meiri árangur en svo, að hann heldur að í kring um jörðina séu 7 hvolf, og þar sé heim-  
kynni framliðinna hér af jörðu. Hvolfin eru algerlega ósýni-  
leg, að því er síra Thomas heldur, og hindra ekkert útsýn vora til stjarnanna. Svo mjög geta rangar fyrirframsannfær-  
ingar (prejudices) komið í veg fyrir, að menn noti vit sitt. Virðist þó nálega engin leið til þess að komast hjá því að skilja það sem hinum framliðnu hefir tekist að fá sagt. S. 126 segir framliðin systir prestsins: „Já, okkar heimur er staður, eins og jörðin er, og líkur henni. Hann er staður, líkur hnöttur“ (jörðinni). S. 127 segir framliðinn faðir prestsins: „Útrýmdu ekki orðinu „physical“ (líkamlegur) úr hugmynd þinni um vorn heim. Það væri ónákvæmt að lýsa jörðinni eins og líkamlegum heimi, en vorum heimi eins og hinu andlega lífi. Því að þið getið haft (!) hið andlega á ykkar jörð, og við höfum vissulega mikið af hinu líkamlega *á okkar (jörð)*.<sup>1</sup> Til dæmis að taka, þá lifum við í andrúms-  
lofti sem er samsett af efnum (chemical) og þess vegna líkamlegt (physical).“ Í fullu samræmi við þetta, segir fram-

1) Leturbreyting eftir mig. — H.P.

liðinn, s. 155, að í öðru lífi sé almennur áhugi á garðrækt (gardening is a popular profession with us). S. 112 segir systir prestsins: „Ég kalla líkama minn „ether“-líkama (á vafalaust að vera: þú kallar líkama minn „ether“-líkama) en það er líkami sem ég get þreifað á. Hann er gerður af nokkurskonar efnum (it is composed of chemical matter of some kind).“

Því verður ekki neitað, að þetta eru mjög greinilegar og ótvíræðar upplýsingar, og í fullu samræmi við það sem stendur í mörgum öðrum bókum — innan um mikið af þvæðri sem á rót sína í hinum röngu hugmyndum þeirra sem spyrja. Enn má segja frá svari sem virðist tiltakanlega skemmtilegt (s. 136). Prestur spyr: Sjáið þið sólina eins og við sjáum hana frá jörðinni? Systir hans svarar: „Ég hefði ekki séð hana eins og kringlu (as a round object); en þó virðist svo sem við sjáum ljósið frá henni. Ekki svo að skilja, að ljós sólarinnar sé okkur neitt nauðsynlegt. Ég efast um að við mundum alvarlega sakna þess...“ Framhaldið er þvæðurkent vegna þess að prestur botnar ekkert í því sem er verið að segja honum. En sá sem vill hugleiða lítið eitt þennan hluta svarsins sem ég þýddi, mun fljótt skilja hversu skemmtilegt svar þetta er. Því að einmitt á þessa leið mundi svara íbúi jarðstjörnu í öðru sólhverfi. (En það er þar sem systir prestsins er eftir dauða sinn). Maður sem ætti heima á jörð sem færi í kringum t.d. Blástjörnuna (Vega) mundi ekki sjá vora sól sem kringlu, en þó mundi hann sjá ljós hennar, af því að hann mundi sjá hana sem stjörnu. Ljós þessarar fjarlægju litlu stjörnu, sem sól vor mundi sýnast, frá honum að sjá, væri honum ekki nauðsynlegt eða þeim á þeirri jörð, og það mundi ekki vera neitt alvarlegur missir fyrir þá, þó að sú eina litla stjarna hyrfi af næturhimni þeirra.

### III

Það verður varla of mikið úr því gert, hversu stórmerki-  
legar þær eru þessar tilraunir framliðinna til að koma fram  
réttum skilning á eðli lífsins eftir dauðann. Og sjálfar þessar

tilraunir, út af fyrir sig, eru alveg fullnægjandi sönnun fyrir sambandi við framliðna.

Íslendingar eru í fullu samræmi við það sem best hefir verið í íslenskri fortíð, ef þeir verða fyrstir til að skilja þennan einfalda en svo afarþýðingarmikla sannleika, að lífið eftir dauðann heyrir undir náttúrufræðina. Ef þeir gera það, þá taka þeir fram Grikkjum og Gyðingum, og skilja það sem þessum ágætu þjóðum skildist ekki. En svo árið-andi er sá skilningur, að hann mun leiða til þess að mannkynið fær umflúið yfirvofandi glötun, og lífið fer að verða það sem það á að vera, framsókn í áttina til ávallt vaxandi farsældar og fullkomnunar.

#### EFTIRMÁLI

Sumum sem þetta lesa, mun áður mjög langt líður, finnast eitthvert sinn, sem þeir vakni af svefni, með undarlegra hætti en áður hefir orðið á ævi þeirra. Munu þeir finna, þegar þeir fara að átta sig, að allt er orðið breytt í kring um þá. Skuggsýnt er, og þeir gera með tímanum þá leiðinlegu uppgötvun, að það birtir aldrei. Mun slá nokkrum óhug á þá og því meiri, sem lengra líður. Verði þeir varir við menn, þá eru þeir ekki skemmtilegri en svo, að einveran mun þykja betri, þó að ærið sé daufleg. Þegar svona er komið, vil ég biðja þessa menn að minnast þess, hvernig þeir hafa tekið tilraunum mínum til þess að vekja áhuga og skilning á afar-áriðandi máli, og skulu þeir óska þess að þeir hefðu orðið betur við. Farið þeir eftir þessu ráði, þá mun bregða eins og glampa fyrir augu þeirra, og úr því fer allt að verða auðveldara. En mér munu þeir geta launað með því að reyna að koma fram þeim boðum, að ég hafi ekki ósatt sagt.

4.—7. júlí '29.